

Áttunda norræna listsýningin var haldin í Gautaborg s.l. haust, hún var opnuð 12. október og henni lauk 17. nóvember. s.l.

Að þessu sinni var sýningunni sniðinn nokkuð annar stakkur en hún hefur áður borið. Á öllum fyrri sýningum Norræna listbandalagsins var verkunum skipað saman eftir löndum, en nú var verkunum blandað saman og komið fyrir í sýningarsölunum eftir listsögu- legum reglum, en ekki landfræðilegum. Þá hefur og að þessu sinni verið hafður á sá háttur, að sýningin hefur nú á að skipa fleiri verkum eftir færri listamenn. Ef dæma má eftir ummælum Norðurlanda- blaða um þessa nýbreytni, hefur þetta fyrirkomulag vakið óskipta athygli og almenna á-

því komið, hvernig valið er saman.

Þetta sýnishorn af ummælum um heildaráhrif sýningarinnar verður látið nægja.

Hér verða á eftir tilfærð ummæli blaðanna um íslenska þátttöku í sýningunni og einstaka íslenska listamenn: —

Svenska Dagbladet, Stockholm: „Það eru fyrst og fremst Íslendingarnir, sem halda uppi merkjum abstrakt stefnunnar í höggmyndalist á þessari sýningu. Það er ekki eins einkennilegt og virðast kann í fyrstu, þar sem þjóðin hefur nýlega losnað úr viðjum einangrunarinnar og er ef til vill aðeins nýbyrjuð að átta sig á hinum nýja tíma. Það er ekki nema eðlilegt, að ýmislegt af þessum áhuga komi fram sem fremur ómelt áhrif frá evrópsk-



Málverk Gunnlaugs Schevings vöktu athygli gagnrýnenda á Norðurlöndum

Hvað sögðu Norðurlandablöðin um þátt Íslendinga í Gautaborgarsýningunni?

nægju jafnt sýningargesta sem gagnrýnenda.

Gotthard Johansson segir í **Svenska Dagbladet, Stockholm**, um heildaráhrif sýningarinnar: —

„Yngri kynslóðin er í meirihluta, og fyrst og fremst sá hluti hennar, sem hefur orðið fyrir áhrifum abstrakt listarinnar, hvort heldur hann hefur algerlega tileinkað sér hugsjónir hennar, eða haft í frammi hin ólíkustu viðbrögð gegn henni — algerlega ósnortinn af henni er því sem næst enginn. Það er ef til vill dálítið einhliða, en fyrir mitt leyti, kann ég því bara vel. Jafn ríka og margþætta mynd af þessar list, með jafn miklum þjóðlegum og persónulegum umbrotum, hefur tæpast nokkur fyrri sýning gefið. Þar sem teft er saman jafn ólíkum brotum og skaplyndi, verður heildarmyndin auðug og gefur — a.m.k. hvað mér viðvíkur — glögg til kynna samstöðu kynslóðarinnar. Þrátt fyrir allt, sem aðskilur. — Eg álit, að meira að segja hefði verið hægt að gefa enn skýrari mynd af takmörkunum milli kynslóðanna, og á ég þar auðvitað við þau listrænu, en ekki þau, sem viðkoma aldursárum. Þeir fulltrúar eldri kynslóðarinnar, sem fyrir síðasakir voru teknir með, falla auðveldlega út úr heildarmyndinni, og eru heldur ekki sýndir á þann hátt, að þeim séu gerð rétt skil. — Höggmyndunum hefur verið ætlað allgott rúm á sýningunni, en vegna niðurröðunar þeirra í hina ýmsu sali, verður heildarmyndin mjög óljós. Það hefur jafnan verið vandasamt að koma höggmyndum fyrir til sýningar. Með allmikilli undrun kemst maður að raun um, að hin gamla og margreynda aðferð, sem svo oft hefur sætt harðri gagnrýni, þ.e. að koma höggmyndunum fyrir innan um málverkin, er þrátt fyrir allt það, sem bezt hefur reynzt. En auðvitað er það þó undir

um og amerískum afburðamönnum. Sá elsti í þessum brautryðjendahópi er **Ásmundur Sveinsson**, sem þegar hefur náð sextugsaldri við látlausar tilraunir í ólíkar áttir, en mesti gáfumaðurinn í þessum hópi er þó **Sigurjón Ólafsson**, sem er allmiklu yngri maður. Eftir hann er myndin af íslensku kríunni með rauða nefið og stálþráðsvængi, en hann stendur einnig framarlega í „náttúralistiskum“ verkum, fyrst og fremst í andlitsmyndum sínum.“

— Um myndvefnaðinn segir: „Almennt má segja, að beztur árangur hafi náðst, þar sem listamaðurinn, sem myndina skóp, og vefarinn, sem óf hana, hafa verið einn og sami maður. Fyrst og fremst gildir þetta um Hannah Ryggen, sem skapar mjög persónulega frásagnarlist í vefnaði sínum, en þetta í einnig við um íslensku listakonuna **Júliönu Sveinsdóttur**, sem lengi hefur verið búseti í Danmörku. Hún nær dásamlegum efnisáhrifum í litlum abstrakt kompositionum.“

— Þar sem talað er um abstrakta list með ljóðrænum (lyriskum) einkennum, segir m.a.: — „Verk unga íslenska málara **Sverris Haraldssonar**, hafa viðkvæm og fínleg einkenni, en að þessum viðkvæma fínleika undanskildum — sem er mjög óvanalegur hjá Íslendingum — á mjúkur og ljóðrænn tónn verka hans eitthvað sameiginlegt með verkum Danans, Vogel-Jörgensen, sem er meira en 40 árum eldri maður.“

Morgon Tidningen, Stockholm: — „Sýningin hefst, ef svo mátti segja, á verkum þeirra Yrjö Saarinens og **Jóhannesar Kjarvals**, sem báðir eru fæddir fyrir aldamót, og mála áhrifaríkar landslagsmyndir. Pensill Kjarvals lætur eftir sig skrift, sem liðast og hringast, Hann inniheldur kraft, sem einungis með erfðileikum er hægt að beita, þannig að

ekki verði um óhamið eldgos að ræða.“

Ny Tid, Göteborg: — Fyrr í greininni er talað um áhrif enska málara **Nicholson** á Svíann **Torsten Andersson**. Síðar segir: — „**Nicholson** hefur þegar verið getið. Því ekki nefna hann aftur, og í þetta skipti í sambandi við Íslendinginn **Sverri Haraldsson**. Hann er málari, sem sameinar skarpa og ljósa uppbyggingu verka sinna hárfínun litastiga í gráum og brúnum tönnum.“

— Um skreytilistina segir m.a.: — „Af glermyndum sýningarinnar hafa verk íslensku listakonunnar **Nínu Tryggvadóttur**, mest áhrif. — Íslensku listakonan, **Júliana Sveinsdóttir**, sýnir fjögur mjög faguð verk, ofin með einföldu, en eggjandi munstri.“

Göteborgs Tidningen: — „Höggmyndadeildin gefur ekki ástæðu til fagnaðarópa. Þessi listgrein lifir nú krepputíma á Norðurlöndum. Losaraleg verk eru þar í meirihluta, ýmist sem óinnblásin eftirlegukind af náttúralisma eða tilgangslausar og máttlausar „nonfigurationir“. Íslendingurinn **Ásmundur Sveinsson** sannar, að góðar höggmyndir sjá þó enn dagsins ljós á okkar afskekktu snjóslóðum með fjörmiklum og hugmyndaríkum verkum eins og „**Trúin**“ og „**Rafmagn**“.“

„Af glermyndum sýningarinnar hefur fjórlegt formspil íslensku listakonunnar **Nínu Tryggvadóttur**, þægilegustu áhrif.“

Ásgerður Búadóttir og **Júliana Sveinsdóttir** sýna næma túlkun á „nonfigurativum“ viðfangsefnum í fögrum listvefnaði.

Mósaikin er ekki sérlega spennandi, en kompositionir **Valtýs Péturssonar** úr íslenskum bergtegundum sýna þó glögg, hversu vel þessi listgrein getur samræmt nútíma byggingarlist.“

Morgonbladet, Stockholm: — „Beztu listamaður Íslands, **Nína**

Tryggvadóttir, sem þegar hefur hlotið viðurkenningu í París, á aðeins 2 glermyndir á þessari sýningu, en það nægir ekki til að gera þessari gáfuðu listakonu rétt skil. — Af Íslendingunum hefur **Hjörleifi Sigurðssyni**, af óþekktum ástæðum, verið gefinn kostur á að sýna hvorki meira né minna en 7 „plangeometrisk“ verk, sem bera þess vitni að listamaðurinn hefur ekki hugmynd um, hvernig skapa á spennu milli litflata. **Sverri Haraldsson** og **Karl Kvaran** mála laglega „nonfigurativar kompositionir“, sem þó ekki geta talizt sérlega þýðingarmikil verk.“

Dagens Nyheter, Stockholm: — „Verk nokkurra ungra Íslendinga bera vott um hrifningu þeirra á því róttæka, en því miður verður að líta á mikið af þessum verkum sem leiðinlegan misskilning. Hitt er svo annað mál, að þeir vinna þrátt fyrir þetta mjög nauðsynlegt brautryðjendastarf í heimalandi sínu. Fagaðastur abstraktmálaranna er **Sverri Haraldsson**, sem er aðeins 27 ára gamall. — Hraungrá málverk **Jóhannesar Kjarvals** vekja athygli, þau sýna sanna upplifun á sérkennilegu landslagi. — Erfitt er að finna góð verk í höggmyndadeildinni, en nefna má þó Finnann Tukianen... og verk **Sigurjóns Ólafssonar**, „**Rauðnefjuð kria**“, sem býr yfir vissum yndisþokka.“

Göteborgs Posten: — „Þjóðlegra sérkenna, sem annars eru frjósamt umhugsunarefni, verður ekki mikið vart á þessari sýningu. Ef til vill má þó nefna hin formföstu og glöggu landslagsmálverk **Jóhannesar Kjarvals** sem undantekningu. — Um Danann, Vogel-Jörgensen segir: — „Að málverk hans ná til svo margra ólíkra hópa áhorfenda, er það ekki einmitt vegna þess að þau innihalda eitthvað, sem er óháð stíltegundum, eitthvað, sem ef til vill mátti kalla mýkt og viðkvæmni — ljóðræna eiginleika,

ef svo mátti segja? Lík einkenni hafa „kompositionir“ hins unga Íslendinga, **Sverris Haraldssonar**. — Eftirtektarverðasta glermynd sýningarinnar er verk íslensku listakonunnar, **Nínu Tryggvadóttur**. Hún lætur svartar, breiðar og beinar línur umlykja ljósbláa, gula og gráa fléti. Þetta myndar rólega „komposition“, sem þó ekki dregur athyglina frá glugganum sem slíkum, og skapar látlaust og blæbrigðaríkt litrof. Spurningin er, hvort drýgsta skerfinn í þátttöku Íslendinganna — sem á öllum sviðum sýna dálæti á ströngum „nonfigurativum“ vinnuaðferðum — sé ekki einmitt að finna í glermyndum **Nínu Tryggvadóttur**. —

— Í svartlistardeildinni sýna nokkrir ungir Íslendingar tilraunir sínar, og má þar nefna **Veturliða Gunnarsson**, sem sýnir einfaldar og hugvekjandi landslags- og bæjarmyndir. — Íslendingurinn **Ásmundur Sveinsson** sýnir, að það er ekki hægt að skapa höggmynd með því að reyna að yfirfæra abstrakt hugtak — eins og trú — í tré, járn og málþræði. Sami listamaður hefur þó með 2 tréskurðarmyndum lagt sitt af mörkum til að skapa stemningu í höggmyndadeildina“

Sydsvenska Dagbladet Snällposten: — „Beztum árangri hefur íslensk „konkret“ list náð í glermyndum **Nínu Tryggvadóttur** og vefnaði **Ester Búaadóttur** og **Júliönu Sveinsdóttur**.“

Västmanlands Folkblad, Västeraås og Länstidningen, Östersund: — „Við höfum fengið okkur saddy af hraunstríðum landslagslýsingum Íslendinga **Jóhannesar Kjarvals**, og viljum losna við lélegar myndir eftir Danann Jens Söndergaard, sem við vitum, að var afbragðs málari. Íslensku myndhöggvararnir reyna að vinna abstrakt. Árangurinn er einna helst hlægilegur. Koparþráður eftir **Sigurjón Ólafsson** ber nafnið „**Síðaskiptin**“ „**Symmetrisk**“ spennulaus komposition úr tré, járn og málþræði eftir **Ásmund Sveinsson** verður ekki hótinu betri, þótt hún sé kölluð „**Trúin**“.“

Framhald á 10. síðu.

Hvað sögðu Norðurlandablöðin um þátt Íslendinga í Gautaborgarsýningunni?

Framhald af 7. síðu.

Stockholms-Tidningen: — „Íslenzku málarnir hafa jafnan verið vandræðabörn sýningarinnar. Að þessu sinni bregður þó svo við, að þeir falla ágætlega inn í heildarmynd sýningarinnar. Þó verðum við að biðja Baldur að varðveita okkur frá andlitsmyndum **Kristjáns Davíðssonar** af Laxness og fleirum. Virðingu vekja jarðvegslýsingar hins aldna **Kjarvals** með grjót- og hraunbreiðum, og frammi fyrir risavöxnum málverki **Gunnlaugs Schevings**, „Menn og kýr“, dettur manni ósjálfrátt í hug, hversu tilvalið væri að yfirfæra það í vefnað.“

Huvudstadsbladet, Helsingfors: — „Og svo eru það Íslendingarnir! Að vísu er ekki ætlunin að gera hér samanburð á þátttökubjóðunum, en þar sem minnst er á Íslendingana, get ég ekki látið hjá líða að undirstrika einkenni þeirra. Hina róttækustu af öllum róttækum er að finna á hinn eldbrunnu eyju við yzta norður. Eg álit þó ekki, að það sé landið sjálft, sem skapað hafi þessa ápreiðanlegu þörf listamannanna fyrir að undirstrika sjálfa sig, heldur öllu fremur einangrun þess, því að með fáeinum undantekningum, hraungráum landslagsmyndum **Jóhannesar Kjarvals** og risavöxnum málverkum **Gunnlaugs Schevings**, beinast öll þeirra verk í róttæka átt. Þeir vilja á þennan hátt sýna samband sitt við alþjóðlegt listalíf. — Hér má m.a. sjá myndir **Kristjáns Davíðssonar** af íslenskum rithöfundum, fátánleg og hrjúf verk, máluð af ómótstæðilegri kímni í grófustu tegund af „naívisma“, Þó eru það einkum myndhöggvararnir, sem lengst ganga með fátánlegum hugmyndum, sem þeir vinna úr með jafnt persónulegri sem einkennilegri hrynjandi, þeir **Ásmundur Sveinsson** með verkinu „Trú“ og **Sigurjón Ólafsson** í myndinni „Rauðnefjuð kría“.

Aftonbladet, Stockholm: — „Íslendingarnir voru áður undir dönskum áhrifum í list sinni. Svavar Guðnason situr nú í dómnefnd í stað þess að sýna hinar ofsafengnu og sterku myndir sínar, sem venjulega líkjast hamslausum hraunstraumum frá undirdjúpum

Vatnajökuls. Í stað þess eru okkur nú sýndar hraunmyndir **Jóhannesar Kjarvals**, sem eru af sömu rót runnar. — Það er sjaldséð jafn fjörmikil höggmyndalist og sú íslenska með æskufjóri sínu og grózkun.“

Kvällsposten, Malmö: — „Heildarmynd höggmyndadeildarinnar er það sundurlausasta á sýningunni. — Íslendingarnir **Ásmundur Sveinsson** og **Sigurjón Ólafsson**, virðast næstum því hafa lagt of mikla áherzlu á að vera róttækir í verkum sínum. „Finnigákn“ hins síðar nefnda verkar, þrátt fyrir svöl og röleg einkenni, næstum sem forsögulegt verk. — Á söguleyjunni virðast menn nú á dögum fremur leita á miðin í straumið evrópskrar nútímalistar en hlusta á hljóða undirtóna náttúrunnar. Finast og fagaðast hefur **Sverri Haraldssyni** tekizt að bræða saman áhrif frá kúbistunum og eftirmanni þeirra **Ben Nicholson** — en hárfint handbragð Íslendingsins gerir verk hans stundum sem ofunnin og offáguð, eins og þau væru fyrst og fremst unnin út frá eins konar listaskólun. Andstæða þessrar svölu og yfirveguðu myndlistar er að finna í ofsafengnum, expressionistiskum landslagsmálverkum lands hans, **Jóhannesar Kjarvals**“.

Borås Tidning: — „Íslendingar hafa sérstöðu í norrænni myndlist vegna einangrunar sinnar. Engin þjóðleg menning í álfunni er jafn hefðbundin og sú íslenska, og þau utanáðkomandi áhrif, sem listamenn eyjunnar hafa orðið fyrir, hafa ekki ætíð sameinast henni á náttúrulegan hátt. Viðfangsefni **Snorra Arinbjarnar** tengja hann heimalandinu. Hins vegar tekst **Sverri Haraldssyni** að sameina erlenda strauma íslenskri hefð. Af öðrum málurum tekur maður eftir **Gunnlaugi Scheving**, sem er snarpur og stingandi í list sinni, og **Karli Kvaran**, sem með einbeitni hefur fullkomlega tiltekið sér erlenda reynslu. — Athygli vekja grafískar myndir **Braga Ásgeirssonar** vegna stærðarinnar og næstum ofsafengnis, spennuríks forms, sem svartar útlínur eiga ríkastan þátt í að skapa. Íslenska listakonan, **Nína Tryggvadóttir**, sýnir 2 glugga, þar sem litir-

ir takmarkast við þríhljóð í gráu, bláu og gulu. Í hreinum abstrakt anda hefur **Júliana Sveinsdóttir** unnið lítil teppi, sem hafa tekizt með ágætum, þar sem fullt tillit hefur verið tekið til efnisins frá fyrstu byrjun — Meðal mósaikverkanna skal sérstaklega bent á verk **Valtýs Péturssonar** úr íslenskum bergtegundum. — Meðal ísl. myndhöggvara vekur **Sigurjón Ólafsson** mesta eftirtekt.

Verdens Gang, Oslo: — „Ekkert land er sneyddara hvers konar tilraunum í höggmyndalist en Noregur. Hinn pólinn myndar Ísland, þar sem listamennirnir virðast helleknir óhemju smáborgaralegri hrifningu á öllu, sem ber keim af „modernisma“, og með þessum heitu og róttæku tilfinningum skapa þeir bæði athyglisverð verk og jafnframt verk, sem bera vot um fullkominn miskilning á efni og möguleikum höggmyndarinnar. En það kemur einnig fyrir, að af hugmyndinni fæðist hjá þeim ný tegund formsins, eins og t.d. í verki **Ásmundar Sveinssonar**, „Rafmagn“, enda þótt táknoðið skorti ef til vill almennt gildi og verkið færast yfir á svið skreytilistarinnar. — Meðal athyglisverðustu sýnenda í svartlistardeildinni má nefna Íslendinginn **Braga Ásgeirsson**, sem sameinar mannleg tjáningarform sterku abstrakt formum. — Að síðustu má benda á, að hin „geometriskt nonfigurativa“ list virðist finna sín eðlilegu heimkynni í skreytilistinni, og kemur það g'öggt fram í verkum Íslendinganna, **Nínu Tryggvadóttur**, sem sýnir glermyndir, og **Valtýs Péturssonar**, sem sýnir mósaik“.

Aftensposten, Oslo: — „Listakóngur Íslands og Svíþjóðar, þeir **Jóhannes Kjarval** og **Sv. Ericson**, sýna góðar myndir, sem varpa skýru ljósi á sérkenni þeirra, og skipa þeir hóp með Dananum **J. Söndergaard** í list sinni“.

Morgenbladet, Oslo: — „Í skreytilistardeildinni vekja einkum athygli hin hreinu og fínu mósaikverk **Valtýs Péturssonar**, sem unnin eru úr íslenskum bergtegundum“.

Politiken, København: — „Einkum eru það 2 salir sýningarinnar, sem festast manni

í minni. Í öðrum þeirra hanga verk **K. Rumohr** o. fl., í hinum myndir **I. Wrangel**, **Sverris Haraldssonar** o.fl. Þessir salir eru ekki aðeins í fínu og fallegu samræmi, en sýna einnig, hversu ólík viðfangsefni abstraktlistarinnar eru og túlkun mismunandi. Komið ekki og talið um einhæfni, eftir að hafa skoðað þá **Knut Rumohr** o.s.frv. — **Sverrir Haraldsson** byggir verk sín á áhrifum frá kubismanum og **Ben Nicholson**“

Berlinske Tidende, København: — „Áhugi íslenzku listamannanna fyrir „abstraktion“ kemur í ljós strax í fordyri safnsins, þar sem allmörgum verkum úr málmj hefur verið komið fyrir. — Meðal hinna ungu íslenzku málara vekja eftirtekt þeir **Sverrir Haraldsson** og **Valtýr Pétursson**, sem sýnir lítfagrar og frísklegar kompositionir í mósaik

Jyllands Posten: — „**Sigurjón Ólafsson** sýnir tilraunir unnar í tré og bronz og fallega, „naturalistiska“ mynd af prestinum **Friðr. Friðrikssyni**, **L. Rohde**, Svíþjóð, **Hjörleifur Sigurðsson**, Ísl., Finninn **Sam Vanni** og **Ole Bonnier**, Svíþjóð, eru fulltrúar „konkretismans“ þeirra, sem nota reglustiku og óblandaðan lit við myndgerð sína, búa til málverk, sem ekki eru annað en málverk — og þess vegna „konkret“ og „realistisk“. En skelfing er hann fátækur og einhliða þessi „realismi“. — Langtum innihaldsríkari eru óhlutræn verk **Sverris Haraldssonar** og norsku listakonunnar, **I. Sitter**. Einnig þau nota frumformin, ferhyrninga og hringi, en þau kunna að fá formi og lit þann margbreytileika, að maður finnur verkum þeirra stöðugt ný gildi. Verk-

ið verður ekki bara augnabliksfyrirbrigði, heldur lífandi, sjálfstætt verk, sem gildi sitt í sjálfu sér. — Ísland á mikinn hæfileikamann í **Gunnlaugi Scheving**. Hann gripur viðfangsefnin djörfum og „realistiskum“ tókum, málari fiskimennina á sjónum eða bóndafjölskyldu með rauðskjöldóttu kú, í báðum tilfellum á risastór léreft, þar sem hann mýrar niður litinn í breiðum og hyrndum flötum. Í hans augum fær hversdagaleikinn og starfandi almúgamðurinn á sig hetjusvip. Það væri hægt að kalla hann sögumann og „socialrealista“, en fyrst og fremst er hann afbragðs málari, sem gengur til móts við viðfangsefnin með lífsgleði og látleysi, sem smitar út frá sér.

Mjög illa hefur tekizt til um val á verkum **J. Söndergaards**. Myndirnar sem sýndar eru eftir hann eru of slakar, einkum þar sem þeim er komið fyrir með hvellsterkum, risastórum verkum **A. Klindt Sörensen** og sterkum og sérkennilegum myndum eftir **Jóhannes Kjarval**, einum af mestu málurum söguleyjunnar“.

Kristeligt Dagblad: — „Íslendingarnir sýna æðruleysi, rammsaltan kraft og sögutilfinningu. **Gunnlaugur Scheving** meitar myndir sínar af sjómönnum líkt og líkneski frá Páskaeyjunni, maður hefur nærri því á tilfinningunni, að litaspjald hans sé grjótnáma, sem hann vinni úr jarðlitina, og **Jóhannes Kjarval** sýnir svo undursamlegt samlyndi við náttúruna. **Bragi Ásgeirsson** sýnir í litríkum litografíum, að skylt er á milli fjalla og fólks. Það er undarlegt, að jafn fámenn þjóð skuli geta haldið jafn persónulegri og dásamlega óþægilegri afstöðu til myndheimsins. Það er tær og hreinn klukknaðljómur í íslensku röddunum í hinum stóra kór sýningarinnar í Gautaborg“.

Vinningar í happe-drættisskulda-bréfaláni F.Í.

Kr. 10.000.00

86547

Kr. 8.000.00

79472

Kr. 7.000.00

16739

Kr. 6.000.00

75822

Kr. 5.000.00

25853 58087 82770 83648 83649

Kr. 4.000.00

3496 18471 26617 37080 41289

52038 55209 63255 73264 81245

Kr. 3.000.00

3581 6281 7025 7204 19377

21839 25504 26585 29021 36174

36401 39946 55820 59542 65763

67975 75152 80397 80871 99445

Kr. 2.000.00

8532 8820 15347 16149 20125

24404 26165 30151 31875 44339

48964 50535 51612 54783 58516

65099 69683 73865 74057 74905

75973 78620 79438 86697 91335

91588 92953 94632 95863 97338

Kr. 1.000.00

523 1507 1784 2416 2518

3934 4398 5148 5641 6478

6575 6873 9281 11538 12319

12515 13155 17860 18698 20193

22353 23061 24141 25421 27455

29382 29712 31335 31346 32001

33977 34283 35807 41485 41907

42358 43242 43275 43344 43792

44226 44515 44572 44951 49353

50259 50992 52142 52509

53091 55159 55185 55663 55792

56305 57615 57962 58326 63488

63668 63706 64858 65696 70461

71918 72491 72655 73570 76244


76683 78020 79120 79544 79578

79854 79869 80290 81229 82654


83492 85879 86338 86513 96526

(Birt án ábyrgðar).

Þórður sjóari



Það hafði verið rétt hjá Þórði, er hann ályktaði, að eftirlitsstöðin væri hinu megin á eyinni. Á hverjum degi var gerður út leiðangur til þess að fylgjast með vext jurtagróðursins og dýralífinu. Ennþá sem komið var var tilraunin með apana hin mikilvægasta, er gerð hafði verið. Og daglega var send þyrilvængja



með toður handa þeim, þar sem þeir höfðu ekki enn nægilega fæðu í skóginum, vegna þess hve gróðurinn var allur nýsprottinn. Ókyrrðin meðal apanna orsakaðist því af komu þyrilvængjunnar, en ekki af nærveru Sylvíu eða Þórðar.

